



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. mars 2023

2303021SA GB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, 735. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, 735. mál.

Markmið frumvarpsins er að efla og samhæfa stefnumótun og áætlanagerð í þeim málaflokkum sem nú heyra undir innviðaráðuneytið. Ráðgert er að fella á brott lög um samgönguáætlun og lög um byggðáætlun og sóknaráætlanir og að breytingar verði gerðar á lögum um húsnæðismál og skipulagslögum. Í staðinn koma ákvæði frumvarpsins um samhæfðar áætlanir á þremur sviðum en gert er ráð fyrir að nýleg ákvæði um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga verði áfram í sveitarstjórnarlögum.

#### **Afstaða sambandsins**

Að mati sambandsins hefur innviðaráðuneytið, og fyrirrennarar þess, sýnt mikinn metnað á undanförunum árum við að uppfæra verklag við gerð stefnumótunar og aðgerðaáætlana á málefnasviðum ráðuneytisins. Að sama skapi hefur eftirfylgni með stefnum og áætlunum verið bætt sem skilar sé í markvissari innleiðingu. Fyrir þetta brautryðjendastarf á ráðuneytið hrós skilið.

Eftirfarandi eru ábendingar sem sambandið telur rétt að koma framfæri við þingnefndina:

#### **Skortur á markmiðsákvæði**

Verði frumvarpið samþykkt falla úr lögum ákvæði sem kveða á um þau markmið sem hafa skal til hliðsjónar við gerð viðkomandi áætlana. Í staðinn kemur mjög opið markmiðsákvæði sem vísar til aukins árangurs og jákvæðra áhrifa á samfélagið á viðkomandi sviðum.

Sambandið hefði kosið að halda í ákveðin meginmarkmið t.d. varðandi jákvæða byggðaðróun. Að lágmarki þarf að gæta vel að markmiðssetningu strax við upphaf vinnu við gerð viðkomandi áætlana og efna til öflugs samráðs við hagsmunaaðila

um hver markmiðin eigi að vera. Þá þarf Alþingi jafnframt að taka sérstaka umræðu um markmiðin í hvert skipti sem áætlanirnar koma inn á borð þingsins.

### **Samráð**

Eins og nánar er lýst í frumvarpinu eru gerðar töluverðar breytingar á fyrirkomulagi samráðs við gerð áætlanna. Eftir ábendingar sambandsins hafa hins vegar verið gerðar breytingar á frumvarpinu, frá því að það var í samráðsgátt, hvað varðar samráð um landsskipulagsstefnu. Sambandið gerir því ekki athugasemdir við úrfærslu samráðs í frumvarpinu en ítrekar að umræddir málaflokkar skipta sveitarfélögin verulega miklu máli og því leggur sambandið, eðli málsins samkvæmt, mikla áherslu á gott samráð við sveitarfélögin. Í því felst m.a. að þau ráð og nefndir sem löggin kveða á um séu raunverulega virkjuð til samráðs.

### **Samræming landsskipulagsstefnu við aðrar áætlanir**

Frumvarpið gerir ráð fyrir töluverðri breytingu á vinnulagi við gerð landsskipulagsstefnu og er vinnsla hennar m.a. færð frá Skipulagsstofnun og inn í ráðuneytið. Sveitarfélögin voru mjög tortryggin í garð landsskipulagsstefnu og gagnsemi hennar í aðdraganda setningar skipulagslaga. Í tengslum við þessar breytingar telur sambandið því eðlilegt að tekin verði vönduð umræða um það hvernig til hefur tekist með núgildandi stefnu og að mótuð verði sýn á landsskipulagsstefnu til framtíðar. Tílefni er m.a. til að spyrja hvort þörf er á jafn viðamikilli stefnu og núgildandi stefna er eða hvort þetta verkfæri ætti frekar að vera í takt við framkvæmdaáætlanir í öðrum málaflökkum. Einnig mætti líta til reynslu nágrannalanda af sams konar vinnu og þá jafnframt að hvaða marki vandaðar leiðbeiningar um helstu áskoranir í skipulagsmálum geti komið að sama gagni.


Sambandið telur mikilvægt að áfram verði í lögum varnagli sem fram kemur í 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga, sem kveður á um að sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Jafnframt þessari ábendingu telur sambandið mikilvægt að í áliti umhverfis- og samgöngunefndar verði áréttuð sú meginregla að ráðherra skuli hafa það að leiðarljósi að landsskipulagsstefna skerði ekki að óþörfu skipulagsvald sveitarfélaga.

**Að lokum**

Að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda styður sambandið lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs